



Félag Sameinuðu
þjóðanna
UNA ICELAND

ÁRSSKÝRSLA

2013—2014





3	FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA
5	UM FÉLAG SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA
7	KYNNINGARMÁL
9	VIÐBURÐIR 2013—2014
15	INNRA STARF FÉLAGSINS
17	SAMSTARFSADILAR
19	REKSTUR FÉLAGSINS

Forsíðumynd: Upplýsingafundur um aðgerðir gegn útbreiðslu ebólu-faraldurs, Freetown, Sierra Leóne, desember 2014. UN Photo/Martine Perret.

Hönnun: Bergþóra Jónsdóttir

Prentun: Litróf

ÞRÓUNARMARKMIÐ Í NÝJU LJÓSI



BERGLIND
SIGMARSDÓTTIR

Framkvæmdastjóri Félags
Sameinuðu þjóðanna

Um leið og við kynnum í þessari skýrslu verkefni okkar síðustu tvö árin, er ekki síður mikilvægt að varpa ljósi á árið 2015. Félag Sameinuðu þjóðanna hefur til margra ára haldið úti heimasíðunni 2015.is og fagnar aukinni umræðu um Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Á þessu ári munu aðildarríkin koma sér saman um ný þróunarmarkmið. Ferlið hefur verið eitt það markverðasta í sögu samtakanna og eflaust með flóknari stefnumótunarferlum sem um getur, 193 aðildarríki og óteljandi hagsmunahópar. Sp hafa markvisst reynt að fá sem flesta að mótun markmiðanna, bæði almenning, stjórnvöld og félagasamtök. Félagið hefur haft metnað fyrir að kynna þetta ferli og möguleika almennings til þátttöku.

Á undanförunum tveimur árum hefur félagið unnið ótullega að uppbyggingu innviða félagsins. Stjórn félagsins hefur unnið markvisst að stefnumótun og markmiðasetningu. Vefsíður hafa verið uppfærðar og útsendingar fréttabréfa efldar. Fjöldi félagsmanna hefur þegið boð félagsins um að styrkja starfsemi þess með greiðslu árgjalda sem við erum mjög þakklát fyrir.

Á þessum tíma hefur einnig verið unnið að uppbyggingu tengslnets félagsins. Ekki einungis við félagsmenn, heldur einnig við þá íslensku aðila og stofnanir sem tengjast starfsemi og málefnum Sp á einhvern hátt. Félagið hefur unnið að skráningu þeirra Íslendinga sem hafa starfað hjá Sp í gegnum tíðina og eflt samskiptin með samfélagsmiðlum.

Uppbygging vefsíðunnar Globalis.is heldur áfram, en ómæld vinna við þýðingar fyrir vefinn fer fram með aðstoð sjálfboðaliða og starfsnema. Vefsíðan er í stöðugri þróun hjá systurfélagi okkar í Noregi og mun í ár leggja aukna áherslu á upplýsingar um nýju þróunarmarkmið Sp.

Það er mikið í húfi við mótun nýrra þróunarmarkmiða því Þúsaldarmarkmiðin hafa reynst gagnlegt leiðarljós í alþjóðasamstarfi síðustu fimmtán árin. Ein stærsta breytingin er að nýju þróunarmarkmiðin eiga að tryggja okkur öllum betri framtíð, bæði þróunarríkjum og þróuðum ríkjum. Sú nýjung mun vonandi hafa góð áhrif á umræðuna í samfélaginu um sjálfbæra þróun, umhverfismál og mannréttindi. Eitt markmiða félagsins er að vera áhrifamikill vettvangur fyrir öfluga upplýsingagjöf um Sp. Við munum svo sannarlega hafa það að leiðarljósi við innleiðingu nýju þróunarmarkmiðanna inn í íslenskt samfélag og þannig stuðla að sanngjarnari og sjálfbærari heimi.



ÍBÚI GAZA-SVÆÐISINS VIÐ RÚSTIR EFTIR
LOFTÁRÁSIR ÍSRAELSMANNA.

UN Photo/Shareef Sarhan Gazaju 2014.

UM FÉLAG SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Tilgangur Sameinuðu þjóðanna (SP) er að stuðla að samræðum og samstarfi allra þjóða heims og vinna að því að treysta alþjóðafrið og öryggi. Félög Sameinuðu þjóðanna voru á sínum tíma stofnuð til að skapa brú milli almennings og SP og færa starfsemi þeirra nær almenningi með virkri upplýsingagjöf um samtökin. Í dag eru Félög SP starfandi í yfir 100 aðildarlöndum Sameinuðu þjóðanna.

Félag SP á Íslandi hefur það hlutverk að stuðla að því að þorri íslensku þjóðarinnar þekki til SP. Stór hluti af fjármunum ríkisins til þróunarsamvinnu fer til SP og því er lögð sérstök áhersla á að miðla upplýsingum um starfsemi Sameinuðu þjóðanna sem snýr að málefnum þróunarlanda.

Félag Sameinuðu þjóðanna veitir almenningi, skólum, stofnunum, fjölmiðlum og öðrum aðilum, sem þess óska, upplýsingar um SP og hefur í gegnum árin tekið að sér kynningar á Sameinuðu þjóðunum. Félag Sameinuðu þjóðanna gætir ávallt hlutleysis og flytur mál sitt í anda sáttmála SP og nýtir í fræðslu- og upplýsingastarfi sínu þá opinberu viðurkenningu sem það hefur um allt SP-kerfið.

MARKMIÐ FÉLAGS SP

**FRAMTÍÐARSÝN: AÐ FÉLAG SP SÉ
ÁHRIFAMIKILL VETTVANGUR FYRIR
ÖFLUGA UPPLÝSINGAGJÖF UM SP.**

- Að almenningur þekki til starfsemi SP.
- Að áhrifavöld í þjóðfélaginu hafi þekkingu á og starfi með Félagi SP.
- Að stuðla að því að þorri þjóðarinnar styðji alþjóðlegt þróunarstarf.
- Að Ísland taki stöðu með þeim alþjóðalögum sem styðja við hugsjónir og markmið SP.

5



23.09 × 2013

„Norðurlöndin hafa margt fram að færa í samstarfi Sameinuðu þjóðanna, SP. Framlag þeirra til mannúðarstarfs SP er stórt, þau eru í forystu í mannréttindamálum – ekki síst stúlkna og kvenna – og þau hafa gott orðspor. Margir Norðurlandabúar hafa, allt frá því að Tryggvi Lie og Dag Hammarskjöld voru framkvæmdastjórar SP, verið í áberandi stöðum innan kerfis SP.“

EIGUM ERINDI Á VETTVANGI SP (Fréttablaðið)

Formenn Félaga SP á Norðurlöndum skrifa



FÉLAG SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA



FÁNAR AÐILDARRÍKJA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA
VIÐ HÖFUÐSTÖÐVARNAR Í NEW YORK.

UN Photo/Eskinder Debebe. 2008.

KYNNINGARMÁL

UPPLÝSINGAGJÖF MEGINVERKEFNI

Félag Sameinuðu þjóðanna leggur mikla áherslu á öfluga upplýsingagjöf um starfsemi Sameinuðu þjóðanna til félagsmanna sinna og annarra áhugasamra. Vefsíður félagsins eru ein hagkvæmasta leið þess til að miðla upplýsingum og fræðslu um starfsemi, sögu og verkefni Sameinuðu þjóðanna.

NÝJAR VEFSÍÐUR

Ný heimasíða Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi (un.is) fór í loftið á alþjóðadegi Sameinuðu þjóðanna þann 24. október 2013, en vefsíðan var unnin af Davíð & Góliat.

Nýr Globalis-vefur Félags Sameinuðu þjóðanna fór einnig í loftið mánuði síðar þann 24. nóvember 2013. Vefurinn er vel nýttur af fræðimönnum, fjölmiðlum og menntageiranum, en tölfraðiupplýsingarnar uppfærast sjálfkrafa frá gagnagrunnum stofnana Sameinuðu þjóðanna. Breytingar á vefnum eru kostaðar af Félagi SP í Noregi og tekur hann stöðugum breytingum. Á árinu 2015 má vænta þeirrar nýjungar að hægt verður með einfaldara móti að bera saman tölfraðigögn milli tveggja landa.

FRÉTTABRÉF

Útgáfa fréttabréfs hefur verið reglulegur liður í starfi félagsins um áratugaskeið. Það hefur reynst vel í gegnum árin til upplýsingamiðlunar. Í fréttabréfunum eru sagðar fréttir af starfi og viðburðum félagsins ásamt fréttum af vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Fréttabréfið er sent út til félagsmanna og kemur út mánaðarlega yfir starfsveturinn. Skráning á póstlista fer fram með því að senda tölvupóst á felag@un.is eða á vefsíðu félagsins www.un.is.



UNA ICELAND

- www.un.is
- www.2015.is
- www.globalis.is



31.05 × 2014

„Það má með sanni segja að allt snúist um kosningar þessa dagana. Á þessu ári gangast Sameinuðu þjóðirnar einnig fyrir kosningum. Í fyrsta skipti í sögunni bjóða Sameinuðu þjóðirnar hverjum einstaklingi í heiminum að hafa sitt að segja um framtíð þróunarstarfs í heiminum. Þessar kosningar snúast þó ekki um að kjósa stjórnmalaflokk eða velja leiðtoga ríkis.“

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR BJÓÐA TIL KOSNINGA (Fréttablaðið)

Berglind Sigmarsdóttir



KONUR VIÐ TEDRYKKJU Í GAO, MALÍ.

UN Photo/Marco Dormino, 2014.

VIÐBURÐIR 2013–2014

26.03 × 2013

KYNNING Á ÞRÓUNARSKÝRSLU SP. „THE RISE OF THE SOUTH: HUMAN PROGRESS IN A DIVERSE WORLD.“

Haldinn var opinn kynningarfundur um Þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna SP (Human Development Report) 2013 sem bar heitið „Uppgangur suðursins: Mannleg þróun í fjölbreyttum heimi“ þann 26. mars 2013. Félag Sameinuðu þjóðanna, Þróunarsamvinnustofnun Íslands, Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) buðu til fundarins. Framsöguerindi voru flutt af Engilbert Guðmundssyni, framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og Davíð Bjarnasyni, sviðsstjóra verkefnaundirbúnings Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Fundarstjóri var Þróstur Freyr Gylfason, formaður Félags Sameinuðu þjóðanna.

08 × 2013 & 2014

HAUSTSÝNING NÁMSGAGNA- STOFNUNAR Í STAKKAHLÍÐ

Félagið tekur árlega þátt í haustsýningu Námsgagnastofnunar og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Þar hefur félagið kynnt vefsíðuna Globalis, verkefnabæklinginn og samstarf með skólum. Sýningin er öll hin veglegasta og mikilvægt fyrir félagið að fá tækifæri til að kynna starf sitt á þessum vettvangi.

9



21.07 × 2014

„Palestinumenn verða tafarlaust að viðurkenna lögsögu Alþjóðlega sakamáladómstólsins (e. International Criminal Court, ICC). Með því verður loksins tryggt að dómstóllinn geti beitt þeirri lögsögu á svæðinu sem hann hefur ekki getað til þessa. Frá síðustu stóru átakahrinu fyrir botni Miðjarðarhafs hefur orðið sú grundvallarbreyting að Palestína hefur öðlast viðurkenningu sem ríki að þjóðarétti...“

LEIÐ ÓHÁÐ STÓRVELDAPÓLÍTÍK - VATNASKIL FYRIR ALMENNA BORGARA? (Vísir)

Þróstur Freyr Gylfason, formaður Félags SP.



BAN KI-MOON, AÐALFRAMKVÆMDASTJÓRI SÞ ÁSAMT
UTANRÍKISRÁÐHERRA GUNNARI BRAGA SVEINSSYNI.

UN Photo/Eskinder Debebe, 2013.

04.07 × 2013

HEIMSÓKN BAN KI-MOON

Ban Ki-moon aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna kom í opinbera heimsókn til Íslands 4. júlí 2013. Í heimsókninni átti Ban Ki-moon fundi með forsætisráðherra, utanríkisráðherra og forseta Íslands, en einnig var á dagskránni að fara í skoðunarferð um landið.

Ban Ki-moon hélt opinn fyrirlestur í hátíðarsal Háskóla Íslands undir heitinu: „Iceland and the United Nations: Building a Sustainable Future for All“, þriðjudaginn 2. júlí. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra flutti ávarp og fundarstjóri var Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands. Í fyrirlestrinum fjallaði aðalframkvæmdastjórinn um baráttuna gegn fátækt og hlutverk Sameinuðu þjóðanna við að stuðla að alþjóðafriði og öryggi.

30.09 × 2013

ÞRÓUNARSAMVINNA BER ÁVÖXT „KOMUM HEIMINUM Í LAG“

Frjáls félagasamtök í alþjóðlegu hjálparstarfi hafa ásamt Þróunarsamvinnustofnun Íslands, tekið höndum saman um að vekja almenning til vitundar um mikilvægi baráttunnar gegn fátækt og hungri í heiminum. Átakið árið 2013 hét „Komum heiminum í lag“ þar sem lögð var áhersla á gildi menntunar og fræðslu í þróunarstarfi, bæði hér á landi og erlendis.

13.12 × 2013

MÁLÞING: FRAMLAG ÍSLENSKRA KVENNA OG STJÓRNVALDA TIL FRIÐARUPPBYGGINGAR Á STRÍÐSÁTAKASVÆÐUM

Mannréttindaskrifstofa Íslands, Jafnréttisstofa, utanríkisráðuneytið, Rauði krossinn á Íslandi og Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi buðu til málþings á Þjóðminjasafni Íslands þar sem veitt var innsýn inn í störf aðila sem unnið hafa að jafnréttismálum, og þar af leiðandi friðaruppbyggingu, á stríðsátakasvæðum. Fjórar konur sem unnið hafa erlendis á eigin vegum fyrir alþjóðastofnanir sem og á vegum Friðargæslu Íslands fluttu erindi um störf sín.

05.02 × 2014

FRAMADAGAR AIESEC

Félagið tók þátt í Framadögum AIESEC í Háskóla Reykjavíkur 2014 og deildi bás með IceMUN. Mikill áhugi var á að fá upplýsingar um starfsmöguleika hjá Sameinuðu þjóðunum og skemmtilegt að finna fyrir áhuga á alþjóða- og þróunarmálum hjá nemendum.

28.03 × 2014

FYRIRLESTUR MEÐ MIKAEL MAGNUSSON

Föstudaginn 28.mars var haldinn opinn fundur Alþjóðamálastofnunar og félagsins í Lögbergi, með Mikael Magnusson, undir heitinu: Er friðhelgi sendifulltrúa Sameinuðu þjóðanna að virka? Mikael starfaði fyrir Rauða krossinn og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) til fjölda ára. Hann var svæðisstjóri í Namíbíu og yfirmaður í friðargæsluliði SP í fyrrum Júgóslavíu. Sem umboðsmaður starfsfólks Sameinuðu þjóðanna í Naíróbí stóð Mikael vörð um réttindi umbjóðenda sinna gagnvart yfirmönnum þeirra. Í erindi sínu fjallaði Mikael m.a. um vanhæfni samtakanna til að taka á sínum innri málum. Í dag býr hann í Andalúsíu, þar sem hann aðstoðar, meðal annars, starfsfólk SP sem þarf að sækja rétt sinn gagnvart samtökunum.

11.09 × 2014

„SUSTAINING HUMAN PROGRESS: REDUCING VULNERABILITIES AND BUILDING RESILIENCE“

Þróunarskýrslan fyrir 2014 var kynnt í Þjóðminjasafninu 11. september 2014. María Erla Marelsdóttir frá utanríkisráðuneytinu og Eva Jespersen frá Þróunarskýrslusviði SP héldu þar erindi. Fundarstjóri var Þröstur Freyr Gylfason, formaður Félags Sameinuðu þjóðanna.

Í skýrslu ársins var sérstök athygli vakin á því að mannkynið standi frammi fyrir auknum náttúruhamförum og ógnunum af mannavöldum, sem einstaklingar og samfélög eru misjafnlega vel í stakk búin til að takast á við. Aðgerðir til að mæta þessum áskorunum voru kynntar í skýrslunni. Lífskjaralistinn er hluti skýrslunnar en Ísland var þar í 13. sæti eins og árinu áður.

21.09 × 2014

ALÞJÓÐADAGUR FRIÐAR: LOFTSLAGSGANGAN (PEOPLE'S CLIMATE MARCH)

Haldin var loftslagsganga (People's Climate March) á alþjóðadegi friðar í Reykjavík þegar gengið var frá Frakkastíg, niður Skólavörðustíg að Austurvelli þar sem haldin voru erindi. Gangan var haldin í stórborgum víða um heim í þeim tilgangi að vekja athygli á UN Climate Summit ráðstefnu SP í New York þann 23. september en hún var haldin til að ræða aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Um 400 þúsund manns tóku þátt í göngunni í New York. Félagið tók þátt með því að kynna gönguna í samstarfi við umhverfisverndarsamtök í tilefni friðardagsins.



UNGmennaráð Reykjavíkurborgar
kynnir á Baráttuhátíð í Hörpu
7. Október 2014.

21.09 × 2014

ALÞJÓÐADAGUR FRÍÐAR „LÓTUSHÚS – „UPPSPRETTA FRÍÐAR“

„Uppspretta friðar“ var yfirheiti dagskrár sem félagið tók þátt í með hugleiðsluskólanum Lótushús, þar sem framlag hvers einstaklings til heimsfriðar var til skoðunar. Á samkomunni komu fram Ragnheiður Gröndal, Þórarinn Eldjárn, Guðmundur Pétursson og KK, auk þess sem leiddar voru hugleiðslur. Félagið kynnti viðburðinn á sínum samskiptamiðlum í samstarfi við Lótushús.

06.10 × 2014

KYNNING FYRIR ÞINGKONUR Á LEIÐ Á ALLSHERJARÞING SP

Í samstarfi við UNICEF og UN Women var haldin kynning fyrir þær alþingiskonur sem sóttu allsherjarþing SP í október. Kynningin var almennt um verkefni landsnefndanna tveggja sem og „post-2015“ ferlið sem átt hefur sér stað á sviði SP á árinu.

06.—10.10 × 2014

„STERKAR STELPUR – STERK SAMFÉLÖG“

Unglingsstúlkur í fátækustu ríkjum heims voru í brennidepli í kynningarviku frjálsra félagasamtaka og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands 6. –10. október undir heitinu „Sterkar stelpur – sterk samfélög“. Baráttuhátíð var haldin í Hörpu 7. október þar sem bæði skemmtileg og áhugaverð dagskrá var haldin fyrir um tvö þúsund nemendur úr grunnskólum höfuðborgarsvæðisins. Einnig voru haldnir stórtónleikar í lönó með glæsilegri dagskrá þar sem stelpur stigu á svið.

Myndbandakeppni var haldin meðal ungs fólks í tengslum við átakið. Myndböndin sem bárust í keppnina voru öll virkilega vel útfærð, flott og skemmtileg og endurspegluðu vel „Stelpuyfirlýsinguna“ sem höfð var til grundvallar fyrir þátttakendur.

24.11 × 2014

OPINN FUNDUR UM EBÓLU FARALDURINN Í NORRÆNA HÚSINU

Sameinuðu þjóðirnar hafa verið með viðamiklar aðgerðir í gangi vegna ebólu faraldursins í V-Afríku. Félagið hélt opinn fund þar sem Engilbert Guðmundsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, flutti erindi um efnahags- og félagslega þróun landanna í V-Afríku og áhrif ebólu á Sierra Leóne. Gunnhildur Árnadóttir, alþjóðalýðheilsufræðingur færði okkur reynslusögu, en hún hefur starfað í Gíneu og Sierra Leóne og þjálfað starfsmenn Rauða krossins á leið þangað. Þórir Guðmundsson fór einnig yfir verkefni Rauða kross Íslands í tengslum við ebólu faraldurinn. Að lokum var kastljósinu beint að verkefnum og aðgerðum UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, þar sem Bergsteinn Jónsson fór yfir aðgerðir samtakanna og íslensku landsnefndarinnar í baráttu við faraldurinn. Fundarstjóri var Próstur Freyr Gylfason, formaður Félags Sameinuðu þjóðanna.

24.10 × 2014

DAGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Í HÖRPU

Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra, fagnaði með okkur 24. október í tilefni alþjóðadags Sameinuðu þjóðanna. Hann fór yfir málefni allsherjarþings SP á þessu ári, loftslagsráðstefnuna, jafnréttismál, tviðliða fundi sem hann sótti og reynslu sína af þinginu. Góðar umræður áttu sér stað í kjölfar erindis og í lok fundar voru samstarfssamningar við UNICEF og Miðstöð Sameinuðu þjóðanna undirritaðir. Fundurinn var haldinn í samstarfi við Alþjóðamálafund Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytið.

08.—15.12 × 2014

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA SP SENDIR SÉRFRÆÐING

Juan Pablo Bohoslavsky, óháður sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna um erlendar skuldir hjá Mannréttindaskrifstofu SP (OHCHR), heimsótti Ísland dagana 8. til 15. desember 2014 til að safna upplýsingum í skýrslu um áhrif hruns fjármálageira landsins og efnahagslegrar aðlögunar á mannréttindi. Slíkar skýrslur hafa verið gerðar frá árinu 2004 en úttektin á Íslandi er fyrsta verkefni Bohoslavskys eftir tilnefningu í stöðuna fyrr á árinu. Félagið aðstoðaði teymi Bohoslavskys á meðan dvöl þeirra stóð og undirbjó fjölmiðlafund í lok vikunnar í Miðstöð SP. Þýðingar á fréttatilkynningum voru unnar í samstarfi við UNRIC í Brussel. Skýrsla um mat hans á áhrif hrunsins kemur út í mars 2015 og mun félagið gera henni góð skil í samstarfi við OHCHR.



HLUTI STJÓRNAR FÉLAGS SP 2014:

Efri röð t.v. Bogi Ágústsson, Pröstur Freyr Gylfason, Tumi Tómasson.
Niðri t.v. Elín Vigdís Guðmundsdóttir, Berglind Sigmarsdóttir,
Heiða Anita Hallsdóttir.

STJÓRN

MEGINHLUTVERK

Meginhlutverk stjórnar er að sjá til þess að félagið vinni að markmiðum félagsins. Stjórn félagsins var kosin á aðalfundi 30. janúar 2013. Lögum félagsins var breytt þannig að aðalfundur er haldinn annað hvert ár og eru stjórn og endurskoðendur kosin til tveggja ára. Stjórnin fundaði sjö sinnum á árunum 2013-2014 en hana skipa níu aðilar úr hinum ýmsu áttum samfélagsins. Stjórnin starfar í sjálfboðavinnu og kann Félag SP á Íslandi stjórnarmeðlimum bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

STJÓRN FÉLAGS SP Á ÍSLANDI:

- Pröstur Freyr Gylfason, formaður
- Tumi Tómasson, varaformaður
- Bogi Ágústsson
- Elín Vigdís Guðmundsdóttir
- Embla Eir Oddsdóttir
- Heiða Anita Hallsdóttir
- Hera Björk Þórhallsdóttir
- Hjálmar W. Hannesson
- Martin L. Sörense

INNRA STARF FÉLAGSINS

STARFSFÓLK

Á árinu 2014 voru tíu ár frá því félagið réð formlega sinn fyrsta starfsmann þegar Miðstöð Sp var opnuð í Skaftahlíðinni. Hjördís Jónsdóttir stýrði rekstri félagsins á árinu 2013 þegar Berglind Sigmarsdóttir, framkvæmdastjóri félagsins, var í fæðingarorlofi. Berglind kom til starfa á ný 1. febrúar 2014 og hefur frá og með 1. maí 2014 gegnt 75% stöðu sem var áður 40-50%.

STARFSNEMAR FÉLAGS SP 2013–2014

- Anna Sigurjónsdóttir
- Bryndís Eiríksdóttir
- Einar Gísli Gunnarsson
- Guðmundur F. Magnússon
- Halla Þórey Victorsdóttir
- Jenný Lind Óskarsdóttir
- Sandra Kristín Jónasdóttir
- Svava Jónsdóttir

FÉLAGSKJÖRNIR ENDURSKOÐENDUR

Í lögum félagsins kveður á um að félagið kjósi sér endurskoðendur til að fara yfir ársreikning félagsins og samþykka. Bernharður Guðmundsson og Kristín Jónasdóttir hafa til margra ára sinnt þessu verkefni í sjálfboðavinnu og fá þau kærar þakki frá félaginu.

STEFNUMÓTUN Í SAMSTARFI VIÐ VINNUHÓP FRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Í byrjun árs 2014 fékk félagið til liðs við sig fjóra nemendur úr meistaranámi HÍ til að fara yfir stefnumótun félagsins. Í hópnum voru Guðrún Helga Jóhannsdóttir, Hólmfríður Þorsteinsdóttir, Haraldur Sigurðsson og Helgi Eiríksson. Stjórn og framkvæmdastjóri unnu með hópnum að því að fínússa þá stefnumótun sem þegar hafði verið unnin hjá félaginu í takt við aðferðafræði Bryans. Afurð vinnunnar var stefnukort sem félagið mun nýta sér í rekstri fyrir árin 2015-2017.

STARFSNEMAR

Hjá Félagi Sameinuðu Þjóðanna störfuðu á árunum 2013-2014 að meðaltali 6 starfsnemar hverju sinni. Þeir unnu að verkefnum í kringum þúsaldarmarkmiðin, þýðingar við Globalis vefinn og fréttamiðlun á vefsíður og fréttabréf félagsins. Tími þeirra og störf eru afar dýrmæt fyrir félagið og fá þau óendanlegar þakki fyrir sitt framlag.



08.07 x 2014

„Mikil vinna er nú í gangi hjá Sameinuðu þjóðunum við að móta ný þróunarmarkmið sem munu taka við eftir árið 2015. Í skýrslunni segir að áframhaldandi framfarir næstu mánuði séu nauðsynlegar og muni byggja sterkan grunn fyrir nýja þróunaráætlun. Nú þegar einungis eitt ár er til stefnu þurfi að setja aukinn kraft í vinnuna og sameiginlegt átak allra þjóða sé nauðsynlegt...”

ÞÚSALDARMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA – MIKILVÆGUR ÁRANGUR HEFUR NÁÐST (Vísir)

Bryndís Eiríksdóttir, starfsnemi



BÖRN Í KAPURÍ SKÓLANUM Í SUÐUR-SÚÐAN.

UN Photo/JC McIlwaine, 2014.

SAMSTARFSAÐILAR

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Félag Sameinuðu þjóðanna á rætur sínar að rekja til utanríkisráðuneytisins þar sem starfsemi félagsins var lengi til í höndum starfsmanna ráðuneytisins. Árið 2013 var undirritaður að nýju samstarfs-samningur utanríkisráðuneytisins og félagsins til þriggja ára. Markmið samningsins er að efla kynningu á starfi Sameinuðu þjóðanna, stuðla að aukinni umfjöllun um alþjóðamál með hugsjónir og markmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og fjalla um þátttöku Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Opinber framlög til félagsins skv. samstarfssamningi voru á tímabilinu 2013-2015 árlega frá 6-7.000.000 króna sem hafa gert félaginu kleift að hafa starfsmann í 50-75% starfshlutfalli til að sinna verkefnum og viðburðum á tímabilinu.

Félagið hélt kynningu, þann 7. febrúar 2013, fyrir starfsfólki utanríkisráðuneytis og ÞSSÍ um ferlið í kringum ný þróunarmarkmið SP. Þann 26. nóvember 2014 stóð félagið einnig fyrir kynningu þegar Tumi Tómasson, forstöðumaður Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, hélt kynningu á starfsemi skólanna. Hann fjallaði þar um markmið þeirra, helstu verkefni og áskoranir.

ICEMUN

IceMUN er sjálfstætt starfandi félag innan vébanda Félags Sameinuðu þjóðanna. Model United Nations (MUN) er vettvangur þar sem nemendur koma saman og setja á svið starfsemi helstu stofnana Sameinuðu þjóðanna og takast á við aðkallandi vandamál í alþjóðasamfélaginu, á sem raunverulegastan hátt. Þátttakendum er deilt niður á ákveðin lönd og eru því sendifulltrúar þeirra landa. IceMUN þing er haldið einu sinni á ári, en einnig hafa MUN þing farið fram í samstarfi við Háskólann á Bifröst og menntaskóla í kringum svokallað MenntóMUN.

Þann 25. september 2014 var haldin kynning á MUN 2015 í Háskóla Íslands fyrir nemendur. Ánægjulegt var að sjá góða mætingu erlendra nema með reynslu af MUN í sínum heimalöndum. Fjölbreytileikinn er mikilvægur þegar Sameinuðu þjóðirnar eru settar á svið og þátttaka þeirra verðmæt.

HÁSKÓLAR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Um 65% af stuðningi utanríkisráðuneytisins til fjölþjóðlegs þróunarstarfs rennur til stofnana og sjóða á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þar af renna 23% til Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Markmið skólanna er að stuðla að lausn áriðandi hnattrænna viðfangsefna Sameinuðu þjóðanna og aðildarþjóða þeirra með rannsóknum og eflingu mannauðs. Á Íslandi eru starfandi fjórir skólar innan vébanda Háskóla Sameinuðu þjóðanna:

- Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna (www.unugtp.is)
- Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna (www.unuftp.is)
- Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna (www.unulrt.is)
- Jafnréttisskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna (www.gest.hi.is)

Árangursstjórnun í þróunargeiranum var yfirheiti á málþingi sem Félag Sameinuðu þjóðanna í samstarfi við Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytið stóðu fyrir miðvikudaginn 14. maí 2014 í Háskóla Íslands. Á málþinginu fór fulltrúi háskólanna yfir það hvernig þeir hafa verið að mæla og meta sitt starf.



MIÐSTÖÐ SP — UNICEF, UN WOMEN OG FÉLAG SP

Félag Sameinuðu þjóðanna, ásamt Landsnefnd UN Women og Landsnefnd UNICEF, rekur Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Miðstöðin var opnuð 12. mars 2004 og var þá til húsa í Skaftahlíð 24. Á degi Sameinuðu þjóðanna, 24. október 2005 var miðstöðin opnuð á Laugavegi 42, 2. hæð en fluttist svo á Laugaveg 176 í apríl 2012. Í febrúar 2014 tók Landsnefnd UNICEF við rekstri Miðstöðvarinnar af Félagi Sameinuðu þjóðanna.

Miðstöðin fékk einstaklega góða heimsókn frá Grétu Gunnarsdóttur sendiherra og fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York í mars mánuði 2013 og fræddi hún starfsfólk félaganna um helstu verkefni fastanefndarinnar á árinu.

Haldið var upp á alþjóðadag Sameinuðu þjóðanna 24. október 2013 með því að bjóða utanríkisráðherra í heimsókn í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar frá UNICEF, UN Women og Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi tóku á móti Gunnari Braga Sveinssyni, utanríkisráðherra og fulltrúum frá utanríkisráðuneytinu. Farið var yfir starfssemi félaganna og samvinnu við utanríkisráðuneytið.

SAMSTARF VIÐ UNRIC

Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópuríkin (UNRIC) er staðsett í Brussel. Sérstakur upplýsingafulltrúi skrifstofunnar fyrir Norðurlönd er Árni Snævarr. Vefsetur skrifstofunnar er mjög virkt og er uppfært reglulega, en Félag Sameinuðu þjóðanna nýtur góðs af þeim fréttatflutningi og fær að miðla þeim áleiðis á sínum vefsíðum. Árna eru færðar sérstakar þakkir fyrir samstarfið.

NORÐURLANDASAMSTARF

Félag Sameinuðu þjóðanna er í öflugum samstarfsneti með systursamtökum sínum á Norðurlöndum. Reglulegir fundir fara fram tvisvar á ári, vorfundur í Kaupmannahöfn og haustfundur til skiptis á Norðurlöndunum. Félagið hefur á undanförunum tveimur árum sótt fundi með stofnunum SP í Kaupmannahöfn en samstarfið er að taka stakkaskiptum vegna tilkomu UN City í Kaupmannahöfn. Nýju húsakynni SP (2014) eru að stórefla samstarf á milli stofnana og einnig við Félög SP. Framtíðin er spennandi með auknu samstarfi, en Félög SP á Norðurlöndum eru öflug innan heimsamtaka Félaga SP (WFUNA) og því mikils virði fyrir félagið á Íslandi að eiga gott samstarf.

WFUNA

WFUNA, World Federation of United Nations Association, eru heimssamtök Félaga Sameinuðu þjóðanna sem halda utan um félögin rúmlega 100 á heimsvísu. Þau halda árlega Evrópufundi fyrir félögin þar sem efnt er til samskipta og samstarfs. Félag SP á Íslandi sótti fundinn eftir áralanga pásu í júní 2014 til Genfar, en í Genf starfa rúmlega tíu þúsund manns fyrir SP. Aðalfundur samtakanna sem haldinn er þriðja hvert ár verður haldinn á árinu 2015.

REKSTUR FÉLAGSINS

TEKJUR

Samkvæmt þriggja ára samningi félagsins við utanríkisráðuneytið greiðast á árunum 2013–2015 19,5 milljónir króna. Greiðslan árið 2014 nam 6,5 milljónum króna og 6 milljónum 2013. Félagið fékk á vormánuðum 165 þús. kr. lokagreiðslu frá Þróunarsjóði námsgagna vegna styrks árið 2012. Þriðja árið í röð var félagsmönnum boðið að styrkja félagið með 2.500 króna árgjaldi og söfnuðust þar 52,5 þús. kr. Samtals voru tekjurnar 6,795 milljónir króna.

GJÖLD

Launakostnaður er stærsti útgjaldaliður félagsins. Árið 2013 var Hjördís Jónsdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra, í 40% stöðu hjá félaginu og 10% hjá Miðstöð SP. Frá og með apríl tók UNICEF við rekstri Miðstöðvar SP en jafnframt var stöðugildi framkvæmdastjóra hækkað úr 40% í 75% vegna aukinna verkefna.

Húsnæðiskostnaður samanstendur af hlutdeild félagsins í rekstri Miðstöðvar SP eftir frádrátt styrks frá utanríkisráðuneytinu. Kostnaður við leigu og rekstur húsnæðis var 245 þús. kr. árið 2014.

Kostnaður vegna reksturs skrifstofu var 562 þús. kr. og má þar helst nefna rekstur vefsíðna félagsins og tölvukerfis 130 þús. kr., ný vefsíða (un.is) 108 þús. kr. og fundakostnað 130 þús. kr.

Árlega greiðir félagið \$500 árgjald til WFUNA í New York. Á árinu 2014 var ákveðið að greiða starfsnenum tímakaup fyrir þýðingar á vefnum Globalis.is, sem hefur reynst vel.

Á degi SP 24. október 2014 var haldinn opinn hádegisfundur í Hörpu með utanríkisráðherra, Gunnari Braga Sveinssyni, þar sem félagið greiddi fyrir veitingar, 140 þús. kr. og utanríkisráðuneytið fyrir salinn.

	2014	2013
TEKJUR		
Samstarfssamningur	6.500.000	6.000.000
Þróunarsj. námsgagna, lokagr.	165.000	
Aðrir styrkir	51.163	500.000
Ólokin verk, breyting	27.000	(100.000)
Félagsgjöld	52.500	35.000
SAMTALS	6.795.663	6.435.000

GJÖLD

Launakostnaður	4.734.775	3.439.800
Húsnæðiskostnaður	245.730	167.985
Rekstur skrifstofu	562.031	437.829
Ferðakostnaður	406.774	129.481
WFUNA félagsgjöld	57.900	62.495
Þýðingar Globalis	123.345	
Gerð ársreiknings	213.089	188.407
Dagur SP	140.400	
SAMTALS	6.483.644	4.425.997

NIÐURSTAÐA

Á árinu námu tekjur umfram gjöld 422.119 og eigið fé félagsins var jákvætt í árslok um 2.298.780.

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

Kt. 550278-0149

Laugavegur 176

105 Reykjavík

s. 552-6700

www.un.is

